

Skólafærni á yngsta stigi

Áriðandi er að skapa góða skólamenningu í skólanum strax frá upphafi skólagöngu og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Haustið 2019 var farið af stað með tilraunarverkefni þar sem allir kennarar á yngsta stigi lögðu megin áherslu á að vinna með félags- og skólafærni fyrstu tvær vikur skólaársins. Lagt var upp með að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun og slæmri umgengi með því að kenna og þjálfra félags- og skólafærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og sýna gott fordæmi.

Markmið eru m.a. að nemendur:

- Rati um skólann og skólalóðina.
- Geta lesið stundaskrá og áttað sig á skipulagi dagsins.
- Þekki umgengisreglur í matsal, fatahengi og á vinnusvæði og þeir viti til hvers er ætlast af þeim í umgengi.
- Þekki og fari eftir skólareglunum.
- Taki þátt í að semja bekkjarreglur.
- Geti tekið þátt í leik eða vinnu með öðrum börnum og virt þær samskiptareglur sem gilda hverju sinni.
- Virði persónulegt rými og eigur annarra.
- Þekki nöfn skólafélaga sinna, kennaranna sinna og starfsmanna sem þeir hitta á göngum skólans.
- Komi inn þegar skólabjallan hringir og fari í röð þegar það á við.